

Ísafirði 19. september 2017

**Margrét Halldórsdóttir**

**Sviðstýra skóla- og tómstundasviðs**

**Ástæður og rökstuðningur vegna aukningar á stöðugildum við Tónlistarskóla Ísafjarðar.**

Nú er skólastarf Tónlistarskólans komið vel af stað og nokkrar breytingar á starfi skólans skipulagðar þennan vetur. Þær breytingar hafa óhjákvæmilega í för með sér aukningu á stöðugildum við skólann.

Ég reyndi þó að halda eins mikið að mér höndum og mögulegt var. Hér að neðan má sjá rökstuðning fyrir aukningu stöðugildanna nú í vetur.

Nú eru brátt 10 ár síðan farið var í umtalsverðan niðurskurð hjá Tónlistarskólanum í kjölfar hrunsins ógurlega 2008 að beiðni bæjarfélagsins. Stöðugildi skólans voru skorin niður, hljóðfæra- og söngtímar styttnir og fræðakennslan verulega skert og þá var starfsemi útibúsins á Suðureyri hætt. Vorið 2016 talaði ég um að nauðsynlegt væri að lengja einkatímana aftur og gerði ég það að hluta til síðasta vetur. Nú í vetur fær meirihluti nemenda 60 mínútna hljóðfærakennslu, en þó eru enn nokkrir skráðir í 40 mínútna hljóðfæranámá viku. Einungis mjög ungir byrjendur og þeir fullorðnu nemendur sem eftir eru í skólanum fá kennslu í 30 mínútur á viku. Einnig var samþykkt að útibú skólans á Suðureyri yrði endurreist með 25% hlutfalli haust 2016. (Aðsóknin nú í haust var meiri en sem nemur því hlutfalli eða 30.38%)

Kennarar og stjórnendur skólans telja mjög mikilvægt að fræðakennsla við skólann verði stórbætt, enda eru tónfræðagreinar skyldunám hjá nemendum þeirra tónlistarskóla sem starfa samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu árið 2000. Af þeim sökum hefur nú verið bætt við tónfræðitímum fyrir nemendur 9 ára og eldri auk fleiri hópa í hlustun og greiningu.

Í Aðalnámskrá er einnig talað um mikilvægi skapandi starfs og að allir nemendur í hljóðfæranámi skuli fá tækifæri og örvun til ýmiss konar tónsköpunar sér til ánægju og aukins þroska. Einnig er talað um að „Tölvur og fleiri tækninýjungar síðustu áratuga gegni vaxandi hlutverki í tónsköpun samtímans. Rétt er að nemendur tónlistarskóla eigi þess kost að kynnst tölvutækni í þessum tilgangi og nýta sér hana, meðal annars við eigin tónsköpun.“ (bls.27) Nú í vetur verður í fyrsta sinn kennd við skólann Raftónlist, en þar eiga nemendur kost á að læra tónsköpun í tölvu með sérstökum tónlistarforritum. Þessi viðauki við námsframboð skólans er kærkomin enda er meirihluti dægurmúsíkur í dag unnin á tölvu í slíkum forritum, auk þess sem tölvur eru mikið notaðar af tónskáldum og tónlistarfólki í dag.

Í títtnefndri Aðalnámskrá (bls.29) er einnig talað um að mikilvægt sé að nemendum gefist kostur á þátttöku í fjölbreyttum samleik og samsöng, bæði í minni og stærri hópum, svo sem kammerhópum af ýmsum stærðum, hljómsveitum, stórsveitum, kórum, popp-, rokk- og djasshljómsveitum. – Af þessum ástæðum fannst mér mikilvægt að auka samspil og söng. Í vetur er boðið uppá rytmískt samspil fyrir eldri og yngri nemendur. Skólinn hefur lagt í mikinn kostnað (um 600.000 kr.) til kaupa á tækjakosti og hljóðfærum fyrir bæði raftónlist og rytmíska deild í þeirri trú að hann sé að svara kröfum tónlistarskóla 21. aldarinnar. Það er einmitt skapandi starf, fjölbreytileiki og sveigjanleiki í skólagerðum sem skipa stóran sess í aðalnámskrám allra skólagerða.

Í lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 eru tiltekin ákveðin skilyrði sem tónlistarskólar þurfa að uppfylla. Þar á meðal, að auk kennslu í aðalnámsgrein, skuli a.m.k. tvær aukánámsgreinar vera kenndar í hóptímum.

Það er mat mitt að Tónlistarskólinn verði að gegna framangreindum skyldum og veita nemendum þjónustu sem er í samræmi við aðalnámskrá tónlistarskóla, einungis þannig verður tónlistarskólinn samkeppnishæfur og fær um að búa nemendur undir leik og starf í tónlistarumhverfi sem er mjög fjölbreytilegt og í örri þróun. Að öðrum kosti má telja líklegt að illa muni fara.

**Ingunn Ósk Sturludóttir - Skólastjóri**


Tónlistarskóli Ísafjarðar

Austurvegi 11

400 Ísafjörður

[ingunn@tonis.is](mailto:ingunn@tonis.is)

tonis.is

 Tónlistarskóli Ísafjarðar